Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 28. mars 2025.
Málsnr. 2409007
PBG/HH

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Efni: Stofnun opinbers hlutafélags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Á 602. fundi stjórnar SSH, hinn 28. mars 2025, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

> **2409007 - Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**
>
> *Fyrirliggjandi eru drög að stofnskjölum nýs félags um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þau voru áður lögð fram á 598. fundi. Framkvæmdastjóri kynnir.*
>
> *Umrædd drög ásamt fyrirliggjandi minnisblaði eru nú lögð fram að nýju og lagt til að þau verði send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu. Afgreiðslu málsins á vettvangi sveitarfélaganna verði lokið á fundum sveitarstjórna í apríl.*
>
> ***Niðurstaða fundar:***
>
> *Samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að senda fyrirliggjandi drög að stofnskjölum hins nýja félags til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu.*

Í samræmi við samkomulag aðila frá 21. ágúst 2024 hefur sérstakur stýrihópur unnið að undirbúningi stofnunar nýs félags sem mun annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Nú liggja fyrir tillögur stýrihóps um stofnskjöl félagsins til samþykktar hjá aðildarsveitarfélögum SSH en nánari umfjöllun um m.a. meginlínur og forsendur, ásamt tímaáætlun er að finna í meðfylgjandi minnisblaði fulltrúa SSH í hópnum. Samkvæmt tímaáætlun er gert ráð fyrir stofnun hins nýja félags í apríl.


Til að stofnun félagsins geti átt sér stað þarf að liggja fyrir samþykki þess að sveitarfélagið taki þátt í að stofna umrætt opinbert hlutafélag og leggi hlutafélaginu til stofnfé. Vakin er athygli á því að stofnfé félagsins skal vera kr. 1.000.000.000 kr. sem greiðist í átta mánaðarlegum greiðslum frá 1. maí að telja, en nánari upplýsingar um skiptingu þess er að finna í fyrirliggjandi hluthafasamkomulagi. Jafnframt þarf að liggja fyrir samþykki þess að framkvæmdastjóri sveitarfélagsins undirriti samþykktir, stofnsamning og hluthafasamkomulag hlutafélagsins fyrir hönd sveitarfélagsins.

Er því samkvæmt framansögðu og fyrrgreindri bókun 602. fundar stjórnar SSH, farið fram á að meðfylgjandi gögn, sem tilgreind eru í stafliðum b), c) og d) verði tekin til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt umboð til undirritunar þeirra. Er þá farið fram á að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist í netfangið ssh@ssh.is. Beðið er um skjóta afgreiðslu þessa máls þar sem gert er ráð fyrir stofnun félagasins fyrir lok aprílmánuðar.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis berast undirrituðum í netfangið pallbg@ssh.is eða síma 8218179.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

a) Minnisblað fulltrúa SSH í stýrihóp um undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna dags. 27. mars 2025.
b) Hluthafasamkomulag um stjórnskipulag og eignarhald félagsins Almenningssamgangna ohf.
c) Samþykktir fyrir hlutafélagið Almenningssamgöngur ohf.
d) Stofnsamningur fyrir hlutafélagið Almenningssamgöngur ohf.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026